

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hólmatúns 1-3 og 5-9.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi 1. áfanga, Hólmatún 1-3 og 5-9 þann 8. maí 2012 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að í stað tveggja hæða verslunar- og þjónustuhúss og fjögurra hæða fjölbýlishúss með 25-30 íbúðum, koma fimm tveggja hæða fjölbýlishús, hvert með fjórum íbúðum, alls 20 íbúðir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 25. júní 2012,*

**Arnar Birgir Ólafsson,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2012